

Rafrænar kosningar á 45. þingi BSRB

Þingfulltrúar fá úthlutað sex stafa lykilorði á lokadegi þingsins. Lykilorðið er tengt viðkomandi fulltrúa og opnar aðgengi að hans kjörgögnum á kosningagátt fundarins. Innskráning inn í kjörgáttina fer fram í gegnum vafra. Opna þarf vafra og slá inn slóðina: ock.is – Þar er lykilorðið slegið inn.

Við innskráningu birtist kosningagátt fundarins. Þar er að finna upplýsingar um hinn innskráða og yfirsýn yfir virka kjörseðla og þá sem þegar hafa verið nýttir. Gáttin er tóm þar til fyrsta kosning hefst. Við virkjun kosningar birtast tenglar á þá kjörseðla sem veittur er aðgangur að. Tenglarnir eru þannig uppsettir að grænn tengill vísar á kosningu sem ekki hefur verið tekið þátt í, blár tengill sýnir kosningu sem þegar hefur verið tekið þátt í en er enn virk og rauður tengill sýnir yfirstaðnar kosningar þar sem atkvæði hefur verið greitt.

Kjörseðill birtist þegar smelt er á tengilinn og þar koma m.a. fram upplýsingar um viðkomandi og hans atkvæði. Eftir að afstaða hefur verið tekin til þess málefnis eða einstaklinga sem

kosið er um er smelt á kjósa hnappinn og þá birtist staðfestingarsíða þar sem möguleiki til að skoða valið og staðfesta það eða að breyta því áður en endanleg atkvæðaskil fara fram. Að lokum birtist staðfesting á móttöku atkvæða og viðkomandi er færður aftur á síðu kosningagáttarinnar.